

Ár 2015, föstudaginn 20. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör fjársýslustjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Fjársýslustjóri er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða fjársýslustjóra laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 10. september 2014 frá fjársýslustjóra. Með bréfinu er farið fram á að laun hans verði endurskoðuð með hliðsjón af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og mikils álags á embættið.

Með bréfi dagsettu 16. september 2014 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 30. september 2014. Í bréfinu segir að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við það sem fram komi í greinargerð fjársýslustjóra um álag sem hvílt hafi á starfsemi Fjársýslunnar og þau verkefni sem framundar séu. Þá sé það sjónarmið ráðuneytisins að gæta verði innbyrðis samræmis í úrskurðum kjararáðs vegna röðunar í launaflokka. Telur ráðuneytið rétt að styðja erindi fjársýslustjóra.

Með bréfi dagsettu 6. október 2014 fékk fjársýslustjóri sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í tölvubréfi fjársýslustjóra dagsettu 9. október 2014 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytisins.

III.

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Í lögunum segir að Fjársýsla ríkisins sé sérstök stofnun sem heyri undir fjármála- og efnahagsráðherra. Fjársýslustjóri veitir Fjársýslu ríkisins forstöðu og er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Hún skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim. Fjársýsla ríkisins skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga. Fjársýsla ríkisins annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og þær ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum. Fjársýsla ríkisins skal annast gerð ríkisreiknings.

Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins situr fjársýslustjóri í ríkisreikningsnefnd.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað sérstaklega um laun fjársýslustjóra, en kjaranefnd ákvað honum laun 5. mars 2003. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Fjársýsla ríkisins er ríkisstofnun sem sér um fjármál ríkisins. Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins ásamt því að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð. Samræmi við laun annarra forstöðumanna ríkisstofnana hefur raskast. Með vísan til þess er það mat kjararáðs að tilefni sé til breytinga á launum fjársýslustjóra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör fjársýslustjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. september 2014 skulu mánaðarlaun fjársýslustjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 140, nú 934.513 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkur 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör fjársýslustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson